

Mjólkurframleiðslan

Þessi samantekt byggir á upplýsingum úr rekstrarverkefni kúabúa hjá RML. Verkefnið hófst árið 2020 og tóku þá 90 kúabú þátt. Frá þeim tíma hefur þátttaka farið vaxandi og eru nú 200 kúabú með í verkefninu. Frá og með árinu 2025 hafa afkomuvöktunarverkefni RML verið unnin með stuðningi frá Atvinnuvegaráðuneytinu á grunni samnings milli þess og RML.

Í 1. töflu kemur fram fjöldi kúabúa sem úrvinnsla byggir á fyrir hvert ár. Á árinu 2024 var mjólkurframleiðsla búanna ríflega 52% af landsframleiðslunni. Reiknaðar voru samtaltölur fyrir tekjur, kostnað og skuldir hjá viðkomandi búum og í framhaldinu reiknað vegið meðaltal á innveginn lítra mjólkur.

Tafla 1. Framleiðsluupplýsingar hjá þátttökubúum

Framleiðsluupplýsingar	2021	2022	2023	2024	% br. 4 ár
Gögnin ná til fjölda búa	196	204	203	200	
Gögnin ná til % af landsframleiðslu mjólkur	46,6%	50,1%	51,9%	52,4%	
Fjöldi árskúa	57,7	59,3	61,9	63,3	10%
Innlögð mjólk/árskú, ltr	6.128	6.130	6.262	6.351	4%
Innlögð mjólk alls, ltr	353.586	363.732	387.464	402.353	14%
Mjólkurkvóti, ltr	338.391	352.043	368.331	385.748	14%
Innlögð mjólk, hlutfall af kvóta	104,5%	103,3%	105,2%	104,3%	0%

Í 2. töflu kemur fram þróun í rekstrarafkomu þátttökubúanna greint niður á framleiddan mjólkurlítra. Hluti þátttakenda er með annan rekstur en mjólkur- og nautakjötsframleiðslu og var lögð áhersla á að greina eins og kostur var breytilega gjaldaliði af annarri starfsemi ef tekjur af henni voru hærri en 20% af heildartekjum.

Á tímabilinu hafa nautgripatengdar tekjur aukist um 28% á innlagðan mjólkurlítra. Eins og kemur fram í töflunni munar töluvert um einskiptisgreiðslurnar sem komu frá ríkinu árin 2022 og 2023. Á árinu 2023 var bætt við 500 milljónum króna á innvegna mjólk og einnig komu viðbótargreiðslur vegna fjárfestinga- og nýliðunarstuðnings. Samkvæmt rekstrarverkefni RML námu þessar greiðslur sem svarar 8,7 kr. á innveginn lítra mjólkur

Breytilegi kostnaðurinn hefur hækkað um 25% á tímabilinu. Mikil hækkun var milli áranna 2021 og 2022 en þá urðu miklar aðfangahækkunarir, sérstaklega á áburði.

Fastur kostnaður alls hækkar um 17% á þessu fjögurra ára tímabili. Þar er mesta hækkunin í rafmagni og öðrum rekstrarkostnaði. Rekstrarafgangur af nautgriparækt fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) eykst á tímabilinu úr um 31 kr./ltr í um 49 kr./ltr. Fjármagnsliðir hækka mikið á tímabilinu. Þeir fara úr 20 kr./ltr árið 2021 í 33,5 kr./ltr árið 2024. Afkoma af nautgriparækt reiknast neikvæð öll árin eða á bilinu 11-15 krónur á innlagðan lítra.

Tafla 2. Rekstrarafkoma þátttökubúa greind niður á innlagðan mjólkurlíttra

Nautgripatengdar tekjur, kr./litr.	2021	2022	2023	2024	% br. 4 ár
Afurðastöðvarverð mjólkur	99,7	115,5	122,3	132,5	33%
Beingreiðslur og gripagreiðslur	41,6	43,1	46,8	49,6	19%
Afurðastöðvarverð nautgripakjöt	10,1	11,2	12,6	13,4	33%
Afurðastöðvarverð kýrkjöt	4,7	4,9	5,4	5,4	15%
Sláturálag á nautakjöt	2,2	1,5	1,7	2,3	2%
Aðrar tekjur af nautgripum, selt á fæti o.fl.	0,6	0,6	1,1	1,1	75%
Landgreiðslu- og jarðræktarstyrkir	2,7	2,9	3,1	3,3	20%
Önnur landbúnaðartengd framlög	2,9	5,0	3,4	3,7	27%
Spret- og álagsgreiðslur jarðræktar 2022		3,9			
Sprettgreiðslur 2022 v/gripagreiðslna		1,2			
Sprettgreiðslur 2022 v/sláturálags		0,7			
Aukagreiðsla 2023 á mjólk			3,3		
Aukagreiðsla 2023 vegna fjárfestinga/nýliðunar			5,4		
Búgreinatengdar tekjur samtals	164,6	190,6	205,0	211,2	28%
BK vegna nautgriparæktar, kr./litr.	2021	2022	2023	2024	% br. 4 ár
Aðkeypt fóður	30,5	34,2	38,1	38,8	27%
Áburður	10,0	17,6	14,5	12,9	30%
Sáðvörur	1,2	1,3	1,4	1,6	36%
Rekstur búvéla	12,4	14,9	15,4	16,7	35%
-þar af eldsneyti	3,3	5,2	4,9	5,2	59%
Rekstrarvörur	7,6	8,9	7,6	8,3	9%
Flutningar	6,1	6,2	6,6	6,7	9%
Dýralækniskostnaður	2,4	2,3	2,5	2,6	8%
Verktaka við jarðvinnslu/fóðurverkun	2,4	2,5	2,5	2,5	6%
Önnur aðkeypt þjónusta	5,8	6,3	7,0	7,9	36%
Breytilegur kostnaður (BK) alls	78,4	94,1	95,6	98,1	25%
Fastur kostnaður, kr./litr.	2021	2022	2023	2024	% br. 4 ár
Tryggingar	1,9	1,9	2,0	2,1	11%
Rafmagn og heitt vatn	3,3	3,5	3,7	4,2	28%
Viðhald eigna	5,4	5,4	5,9	6,8	27%
Rekstrarkostnaður bifreiða	3,3	3,5	3,5	3,2	-1%
Annar rekstrarkostnaður	9,3	10,3	11,3	12,5	34%
Laun og launatengd gjöld	32,2	32,5	33,4	35,6	11%
Fastur kostnaður alls	55,3	57,0	59,8	64,5	17%
Rekstrarniðurstaða, kr./litr.	2021	2022	2023	2024	% br. 4 ár
EBITDA af nautgriparækt	30,9	39,5	49,6	48,7	58%
EBITDA af heildarrekstri búanna	48,8	59,7	71,0	70,3	44%
Afskriftir	25,3	26,8	25,9	27,4	8%
Fjármagnsliðir	20,0	27,7	34,5	33,5	68%
Hagnaður/tap af nautgriparækt	-14,3	-15,1	-10,8	-12,2	
Hagnaður/tap af heildarrekstri	3,6	5,2	10,6	9,4	

Í 3. töflu koma fram skuldir þátttökubúanna. Þar kemur fram að langtímaskuldir aukast um 15% á tímabilinu en skammtímaskuldirnar mun meira eða 73%. Hlutfall skulda af heildartekjum lækka aftur á móti á þessum árum. Það fer úr 1,82 árið 2021 niður í 1,53 árið 2024. Það skýrist af hlutfallslegri meiri veltuaukningu búanna en skuldsetningu. Skuldir sem hlutfall af EBITDA lýsir rekstrarhæfni búanna án tillits til fjármagnskostnaðar. Taflan lýsir jákvæðri þróun á því hlutfalli. Sem hlutfall EBITDA af nautgriparækt er það komið niður í um 7,6 árið 2024 og niður í um 5,3 sem hlutfall EBITDA af heildarrekstri. Aukinn vaxtakostnaður búanna hefur síðan haft hamlandi áhrif á bætta rekstrarafkomu.

Tafla 3. Þróun skuldsetningar hjá þátttökubúum

Skuldir og aðrar kennitölur	2021	2022	2023	2024	% br. 4 ár
Langtímaskuldir í árslok	103.657.730	111.777.187	116.222.398	119.284.003	15%
Skammtímaskuldir í árslok	16.769.426	19.912.749	22.984.464	29.043.712	73%
Skuldir alls í árslok	120.427.156	131.689.936	139.206.862	148.327.716	23%
Skuldahlutfall í árslok miðað við heildartekjur	1,82	1,67	1,55	1,53	-16%
Skuldahlutfall miðað við EBITDA af nautgriparækt	11,02	9,18	7,24	7,57	-31%
Skuldahlutfall miðað við EBITDA af heildarrekestri	6,97	6,06	5,06	5,25	-25%
Vaxtagjöld, % af heildartekjum	10,7%	12,8%	14,8%	13,9%	30%

Mikill breytileiki er í öllu gagnasafninu með tilliti til rekstrar- og skuldastöðu. Mikil fjárbinding er í mjólkurframleiðslunni og því hefur verðbólga og vaxtastig mikil rekstrarleg áhrif. Skammtímaskuldir eru að hækka hlutfallslega mun meira en langtímaskuldir búanna, sem er vísbending um versnandi lausafjárstöðu hjá hluta af búunum.

Ef horft er á árið 2025 til hliðsjónar er ljóst að afkomuhorfur hafa heldur batnað. Það skýrist fyrst og fremst af lækkun stýrivaxta og minnkandi verðbólgu. Skv. spá sem rekstrarráðgjafar RML komu að er áætlað að tap af mjólkurframleiðslu verði um 9 krónur á innveginn mjólkurlítra. Afkomuhorfur í mjólkurframleiðslu fyrir árið 2025 eru þannig metnar neikvæðar um 1,4 milljarð króna.

Nautakjötsframleiðslan

Þessi samantekt byggir á upplýsingum úr rekstrarverkefni nautakjötsframleiðenda hjá RML. Verkefnið hófst árið 2020 og tóku þá 20 bú þátt. Frá þeim tíma hefur þátttaka farið vaxandi fram til ársins 2024. Í 4. töflu kemur fram fjöldi búa sem úrvinnsla byggir á fyrir hvert ár. Á árinu 2024 voru nokkur þátttökubúanna hætt nautaeldi og byggir það rekstrarár á gögnum frá 36 búum. Á árinu 2024 var framleiðsla þessara 36 búa um 24% allrar nautakjötsframleiðslu á landinu. Stór hluti nautakjötsframleiðslunnar á landinu fer þó fram á búum sem eru í mjólkurframleiðslu. Skv. skýrsluhaldskerfinu Huppu hefur það hlutfall samt farið lækkandi á síðustu árum og var komið niður í 60% árið 2024.

Tafla 4. Framleiðsluupplýsingar hjá þátttökubúum

Framleiðsluupplýsingar	2021	2022	2023	2024	% br. 4 ár
Gögnin ná til fjölda búa	39	40	40	36	
Gögnin ná til % af landsframleiðslu ungnautakjöts	21,1%	22,5%	24,5%	23,6%	
Innlagt nautakjöt, alls kg	16.495	17.101	17.976	19.151	16%
Fjöldi innlagðra geldneyta	57,5	60,0	63,5	67,3	17%
Fallþungi geldneyta	286,9	285,3	283,3	284,4	-1%
Meðalaldur geldneyta við slátrun (mán)	24,5	24,3	23,9	23,7	-3%
Vaxtarhraði geldneyta (gr. fallþunga/dag)	370	371	375	379	2%
Sláturmat geldneyta - gerð	5,68	5,85	5,93	5,94	5%
Sláturmat geldneyta - fita	5,71	5,71	5,67	5,78	1%
% nautakjöts framleitt á búum í mjólkurframleiðslu	63,9%	64,2%	61,0%	60,0%	
% nautakjöts framleitt á öðrum nautgripabúum	36,1%	35,8%	39,0%	40,0%	

Reiknaðar voru samtaltölur fyrir tekjur, kostnað og skuldir hjá þátttökubúunum og í framhaldinu reiknað vegið meðaltal á innlagt kjöt.

Nautakjötsframleiðsla er oft stunduð á búum þar sem reksturinn er blanda margra búgreina eða til hliðar við rekstur af öðru tagi. Þess vegna hafa tekjur og gjöld tengd nautgriparæktinni, þar með talinn fjármagnskostnaður, verið vandlega greind frá heildarrekstri til að gefa sem réttasta mynd af hreinni afkomu greinarinnar.

Í 5. töflu kemur fram þróun í rekstrarafkomu þátttökubúanna greint niður á innlagt kjöt. Á tímabilinu hafa nautgripatengdar tekjur aukist um 43% á innlagt kjöt. Sjálfar afurðatekjur hafa hækkað þar mest eða um 54%. Einskiptisgreiðslur frá ríki hafa skipt verulegu máli. Á árinu 2024 komu einnig viðbótargreiðslur, sem voru greiddar í gegnum nautakjötsstuðninginn eða svokallað sláturálag. Um var að ræða 100 milljónir króna frá ríki og til viðbótar var ákveðið að nýta fjármuni upp á 50 milljónir króna af framleiðslujafnvægislið í búvörusamningi.

Tafla 5. Rekstrarafkoma þátttökubúa greind niður á innlagt nautgripakjöt

Nautgripatengdar tekjur, kr./kg kjöts	2021	2022	2023	2024	% br. 4 ár
Afurðatekjur kjöt	811	965	1.183	1.248	54%
Gripagreiðslur	127	142	168	172	35%
Sláturálag	144	94	89	156	8%
Landgreiðslu- og jarðræktarstyrkir	52	48	48	46	-10%
Önnur landbúnaðartengd framlög	14	15	12	16	12%
Viðbót v/gripagreiðslna		21	53		
Sprett- og álagsgreiðslur jarðræktar 2022		64			
Sprettgreiðslur 2022 v/sláturálags		52			
Aukagreiðsla 2023 vegna fjárfestinga/nýliðunar			63		
Búgreinatengdar tekjur alls	1.143	1.401	1.617	1.638	43%

BK vegna naugriparæktar, kr./kg kjöts	2021	2022	2023	2024	% br. 4 ár
Aðkeypt fóður	191	155	195	173	-9%
Áburður og sáðvörur	176	245	214	198	13%
Rekstur búvéla	120	147	154	147	23%
Rekstrarvörur	70	84	71	83	18%
Aðkeypt þjónusta	127	143	121	111	-12%
Breytilegur kostnaður (BK) alls	683	775	755	712	4%

Fastur kostnaður, kr./kg kjöts	2021	2022	2023	2024	% br. 4 ár
Tryggingar	15	15	15	17	12%
Rafmagn og heitt vatn	15	15	15	19	25%
Viðhald eigna	56	58	77	85	50%
Rekstrarkostnaður bifreiða	33	34	31	27	-17%
Annar rekstrarkostnaður	110	105	147	153	39%
Laun og launatengd gjöld	202	205	198	216	7%
Fastur kostnaður alls	431	431	483	516	20%

Rekstrarniðurstaða, kr./kg kjöts	2021	2022	2023	2024	% br. 4 ár
EBITDA af nautaeldi	28	196	379	410	
Afskriftir	213	223	229	242	14%
Fjármagnsliðir	163	215	210	187	15%
Hagnaður/tap af nautaeldi	-347	-242	-61	-19	

Þróun í nýtingu aðfangakostnaðar er hagstæð á tímabilinu þar sem breytilegur kostnaður hækkar einungis um 4%. Fastur kostnaður alls hækkar um 20% og vegur þar þýngst kostnaður

vegna viðhalds á eignum og annars rekstrarkostnaðar. Með bættri afkomu er eðlilegt að viðhaldsliðurinn hækki, enda hefur allt viðhald verið í lágmarki. Laun og launatengd gjöld eru mjög lág á búunum og endurspegla ekki vinnuframlagið þar. Á árinu 2024 er þau að jafnaði um 4,5 milljónir króna. EBITDA af nautaeldinu eykst verulega á þessum árum og er 410 kr./kg árið 2024. Rekstrarhæfni búanna hefur því batnað umtalsvert á tímabilinu. Á árinu 2024 var þó ennþá tap af nautaeldinu sem nemur 19 krónum á kg kjöts.

Framleiðsla ungnautakjöts hefur dregist saman á árinu 2025. Skv. Mælaborði landbúnaðarins hefur hún minnkað um 4,6% miðað við síðustu 12 mánuði. Greinileg merki sjást þó um bætta rekstur hjá nautakjötsframleiðendum, sérstaklega þar sem að hlutdeild Angusgripa hefur aukist. Gera má ráð fyrir áframhaldandi taprekstri að meðaltali hjá nautakjötsframleiðendum á árinu 2025, sem skýrist að stærstu leyti af lægri nautakjötsstuðningi en árið á undan.

Samantekt unnin af Kristjáni Ó. Eymundssyni og Maríu S. Jónsdóttur þann 14.01.2026